

**Atvinnuvega- og
nýsköpunarráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Dagsetning: 01.03.2013
Málsnúmer: ANR12091200
Bréfalykill: 4.1.4

Efni: Viðbótarspurningar frá efnahags- og viðskiptanefnd vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Í tengslum við frumvarp um breytingu á lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og lögum nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (þskj. 643, 501. mál) hefur efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis óskað eftir nánari svörum á tveimur atriðum er tengjast efni frumvarpsins. Í fyrsta lagi í tengslum við 3. gr. frumvarpsins, um hvaða valdheimildir stjórnendur fjármálafyrirtækja hafi til þess að upplýsa um eignarhald raunverulegra eigenda lögaðila sem fara með meira en 1% eignarhald í fjármálafyrirtækinu. Í tengslum við framangreinda spurningu, hvernig slíkt yrði framkvæmanlegt að teknu tilliti til þeirra breytinga sem ráðuneytið leggur til við nefndina. Í öðru lagi í tengslum við 7. gr. frumvarpsins, um það hvernig það horfði við þegar lögmannsstofa (eða dótturfyrirtæki) í eigu lögmanns sem situr í stjórn fjármálafyrirtækis tekur að sér störf fyrir annað fjármálafyrirtæki.

Hvaða valdheimildir hafa stjórnendur fjármálafyrirtækja til þess að upplýsa um eignarhald?

Í 3. gr. frumvarps til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki sem nú liggur fyrir Alþingi (þskj. 643. 501. mál) er lagt til að við 4. mgr. 19. gr. laganna bætist við regla sem kveður á um að fjármálafyrirtækjum beri að upplýsa um nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga umfram 1% af hlutfé eða stofnfé í fjármálafyrirtækinu á hverjum tíma. Sé eigandi hlutfjár eða stofnfjár umfram 1% lögaðili skal jafnframt tilgreina hvaða einstaklingar séu raunverulegir eigendur viðkomandi lögaðila. Í minnisblaði sem atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið sendi efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis vegna viðbragða við umsögnum um frumvarpið, voru lagðar til breytingar á ákvæðinu. M.a. var lagt til að skilgreining á raunverulegum eiganda skv. ákvæðinu myndi bætast við sem nýr málslíður við ákvæðið. Samkvæmt skilgreiningunni sem lagt er til að verði 4. másl. 4. mgr. 19. gr. laganna kemur fram að með raunverulegum eiganda í skilningi ákvæðisins, sé átt við einstakling eða einstaklinga sem í raun eiga eða stjórna lögaðila í gegnum beina eða óbeina eignaraðild að meira en 25% hlut í lögaðilanum eða ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljist á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðilanum.

Við nánari skoðun á umræddu ákvæði í ráðuneytinu hefur komið upp sú hugmynd hvort að skilgreining og mat á raunverulegu eignarhaldi geti ekki byggst á sambærilegum reglum og gilda um virka eignarhluti skv. VI. kafla laganna og skilgreiningu á virkum eignarhlut skv. 3. tölul. 1. gr. a laganna. Til samræmis við það gæti ákvæði 3. gr. frumvarpsins því orðast þannig: „Fjármálafyrirtæki skal tilgreina á vefsíðu nöfn og hlutfallslegt eignarhald allra þeirra sem eiga umfram 1% hlutfjár eða stofnfjár í fyrirtækinu á hverjum tíma.

Fjármálafyrirtæki hefur fjóra daga til þess að uppfæra vefsíðuna frá því að eignarhald á hlut breytist. Sé eigandi hlutafjár eða stofnfjár umfram 1% lögaðili, skal jafnframt koma fram hvaða einstaklingur eða einstaklingar séu raunverulegir eigendur viðkomandi lögaðila. Með raunverulegum eiganda samkvæmt ákvæði þessu er átt við einstakling eða einstaklinga sem eiga beina eða óbeina hlutdeild í félagi sem nemur 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti eða aðra hlutdeild sem gerir honum eða þeim kleift að hafa veruleg áhrif á stjórnun viðkomandi félags. “

Samkvæmt þessari tillögu munu þeir sem eiga beint eða óbeint meira en 10% eignarhlut eða atkvæðisrétt í lögaðila eða aðra hlutdeild sem gerir þeim kleift að hafa veruleg áhrif á stjórn þess lögaðila, sem á 1% af hlutafé eða stofnfé í fjármálafyrirtæki teljast raunverulegir eigendur þess eignarhluta í gegnum lögaðilann. Mat á óbeinni hlutdeild eða annari hlutdeild sem gerir þeim kleift að hafa veruleg áhrif á stjórn viðkomandi félags byggist þá á sömu reglum og gilda um virka eignarhluti sem telja verður að komin sé góð reynsla á.

Nýtt ákvæði í 4. mgr. 19. gr. laganna leggur því þá skyldu á fjármálafyrirtækin að birta upplýsingar um eignarhald á þeim yfir ákveðnum mörkum. Stjórnarmenn bera ábyrgð á því að skipulag félags og starfsemi þess sé jafnan í réttu og góðu horfi sbr. regla 68. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, um eftirlitsskyldu stjórnarmanna í hlutafélögum. Stjórnarmenn bera skyldur gagnvart félaginu sjálfu og hluthöfum þess. Stjórn fjármálafyrirtækis ber því að sjá til þess að fjármálafyrirtækið starfi samkvæmt þeim lögum sem um starfsemina gilda, þ.á m. í samræmi við þá reglu sem lagt er til að komi í 4. mgr. 19. gr. laganna. Það er því hvorki sérstök þörf né tilefni til þess að tiltaka sérstaka heimild fyrir stjórn að upplýsa um það sem lög gera ráð fyrir að upplýst skuli.

Hvað varðar framkvæmd reglunnar vill ráðuneytið taka fram að fjármálafyrirtækjunum er frjálst að setja reglur um það hvernig þær munu framfylgja umræddri skyldu sem lögð er til að komi fram í 4. mgr. 19. gr. laganna. Vísar ráðuneytið til þess að skv. ákvæðum hlutafélagalaga ber félögum að hafa samþykktir og hlutaskrá. Í hlutaskrá sbr. 30. og 31. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995, ber hlutafélagi að sjá til þess að hlutaskrá geymi upplýsingar eignarheimild á hlutum í félaginu. Sú regla gildir líka um hlutafélög að samþykkt félags er aðal réttarheimild þess þegar ófrávíkjanlegar reglur hlutafélagalaga eða annarra laga kveða ekki á um annað. Þannig gætu fjármálafyrirtækin kveðið á um reglur í samþykktum sínum um veitingu upplýsinga frá lögaðilum sem eignast hluti í félaginu um raunverulegar eigendur þeirra. Þá gæti fjármálafyrirtæki einnig kveðið á um viðurlög við því ef lögaðili vill ekki upplýsa stjórn fjármálafyrirtækisins um raunverulega eigendur þess. Þannig gæti t.d. verið kveðið á um hlutaflokka t.d. A og B hluti, þar sem A hlutir hefðu full réttindi en B hlutir einungis réttindi til arðs. Ef félag veitti ekki stjórn fjármálafyrirtækis áður greindar upplýsingar um raunverulega eigendur væri heimild fyrir stjórn félagsins að ákveða það að um þá hluti færi eftir reglum um B hluti. Þannig myndu eigendur slíkra hluta missa atkvæðisrétt o.fl. en halda rétti sínum til greiðslu arðs frá félaginu. En eins og áður kom fram er félögum algjörlega frjálst að útfæra þetta nánar í samþykktum sínum.

Tengsl lögmannna sem sitja í stjórn fjármálafyrirtækja við lögmannsstofur.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur einnig óskað eftir viðbrögðum frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu um það hvernig það horfi við þegar að lögmannsstofa (eða dótturfyrirtæki) í eigu lögmanns sem situr í stjórn fjármálafyrirtækis tekur að sér störf fyrir annað fjármálafyrirtæki. Um störf lögmannna gilda lög nr. 77/1998, um lögmennt. Í 3. mgr. 21. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt, segir að lögmanni sé skylt að inna sjálfum af hendi þau

störf fyrir dómi sem honum eru falin nema að umbjóðandi hans samþykki annað. Að taka að sér hagsmunagæslu (lögmennsku) fyrir umbjóðenda er persónuleg þjónusta lögmannsins. Þegar lögmaður í stjórn fjármálafyrirtækis rekur einn sína eigin lögmannsstofu gilda því sömu reglur um hæfi þeirrar lögmannsstofu og um lögmanninn sjálfan enda er það lögmaðurinn sjálfur sem tekur að sér störfina en ekki félagið sbr. 3. mgr. 19. gr. og 3. mgr. 21. gr. lögmannalaga. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið hafði samband við Fjármálaeftirlitið vegna umræddrar spurningar og óskaði eftir upplýsingum um það hvernig núgildandi regla 4. mgr. 52. gr. laganna væri túlkuð í þessum tilvikum. Í stuttu máli er slíkt metið í hverju tilfalli fyrir sig. Það yrði t.d. talið mjög íþyngjandi ef að öllum lögmonnum stórrar lögmannsstofu væri meinað að vinna lögmannsstörf fyrir ákveðið fjármálafyrirtæki þar sem einn þeirra ætti sæti í stjórn annars fjármálafyrirtækis. Meginreglan er samt sem áður sú að lögmaður sem situr í stjórn fjármálafyrirtækis má ekki vinna lögmannsstörf fyrir annað fjármálafyrirtæki.